



ÁRSSKÝRSLA 2025
Bandalag íslenskra skáta

Atriðaskrá

Kveðja frá skátahöfðingja.....	4
Stjórn, fastaráð og starfsfólk.....	6
Stefna BÍS	8
Fastaráð og verkefni þeirra	10
Alþjóðaráð	10
Starfsráð.....	14
Skátaskólinn	15
Ungmennaráð.....	17
Útilífsráð.....	17
Aðrir vinnuhópar.....	17
Áhersluverkefni	18
Hughrifaherferð	18
Hringferðin	20
Viðburðir	22
Fræðsluviðburðir	24
Dagskrárviðburðir	25
Aldursbilamót	26
Skátastarf	32
Aðild að BÍS.....	32
Fjöldatölur	34
Afreks- og heiðursmerki.....	36
Sjálfstæð starfsemi	40
Gilwell skálinn	40
Endurfundir skáta.....	41
Skátasafnið	41
Útilífsmiðstöð skáta á Hömrum.....	42
Dótturfélög.....	44
Grænir skátar	44
Skátamót.....	45
Skátabúðin.....	45
Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni.....	46
Samstarfsvettvangar BÍS	48

ÁRSSKÝRSLA BÍS 2025

Ritstjórn: Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir

Umbrot: Andrea Dagbjört V. Pálsdóttir
og Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir

Ljósmyndir: Andrea Dagbjört V. Pálsdóttir
nema annað sé tekið fram.

Bandalag íslenskra skáta
Hraunbær 123, 110 Reykjavík
Sími 550-9800
skatarnir@skatarnir.is
skatarnir.is

Kveðja frá skátahöfðingja

Klapp á öxlina, augu sem mæta augum, bros, vel gert. Skellihlátur, ósýnilegur bekkur, gítarhljómur sem þú veist hvað þýðir, allir kyla út í loftið og syngja svo úr sér lungun. Saman.

Samán. Í skátastarfi þá erum við öll saman. Tengsl myndast þegar verkefni eru unnin og þú átt allt í einu vin til lífstíðar. Í nútímasamfélagi þar sem við fjarlægjumst stöðugt þennan raunverulega tengslaheim, með hinum óraunverulega tækniheimi er algjörlega einstakt að geta dottið í takt tengslanna bara með því að mæta á skátafund eða í útilegu. Öll vitum við okkar hlutverk, göngum til verka og síminn gleymist í úlpuvasanum. Eldurinn logar og bollinn er volgur í lófanum, það glampar á augu þeirra sem sitja þétt í kring um þig.

Skátastarf hefur verið mikilvægur stólpi í lífi ungs fólks í 119 ár og mögulega má segja að starfið hafi aldrei verið jafn mikilvægt og í dag. Áherslur stjórnar BÍS síðastliðin ár hafa verið að undirbúa jarðveginn til þess að fleiri eigi þess kost að taka þátt í skátastarfi á Íslandi. Árið 2025 fóru af stað, hönd í hönd, hringferðin og hughrifaherferðin sem miða að því að auka sýnileika og aðgengi að skátastarfi. Fjöldi sjálfbóðaliða og starfsfólk skrifstofunnar unnu glæsilega undirbúningsvinnu og eru nú farin af stað í hringferðina með því markmiði að endurverkja gömul skátafélög á landsbyggðinni, auka fræðslu fyrir nýja sjálfbóðaliða og auka stuðning við þau sem eru að taka fyrstu skrefin í skátastarfi, hvort sem það er í foringjastörfum eða í því að stofna nýtt skátafélag.

Ný stefna skátahreyfingarinnar verður í mótun á Skátapingi á Akureyri 20.-22.mars 2026 þar sem áherslan er að öll börn á Íslandi hafi kost á framúrskarandi skátastarfi þar sem burðarstólparnir eru gæði, aðgengi og góður stuðningur við sjálfbóðaliða. Nú er það hreyfingarinnar að setja taktinn og velja hvaða stíga við fetum næstu 10 ár til að ná þessu markmiði.

Nú þegar einmanaleiki er að aukast er mikilvægt að aðgengi að félagsstarfi og æskulýðsstarfi sé gott fyrir öll sem eftir því leita og því er sorglegt að sjá að á sama tíma og stjórnvöld skera upp herör gegn einmanaleikanum draga þau úr fjárveitingum og stuðningi við æskulýðsstarf.

Ekki nóg með það heldur mætti halda að æskulýðsstarf og tómstundastarf sé nú orðið undirmálgrein í stað þess að vera sá mikilvægi stólpi undir heilsu og líðan barna og ungmenna sem það í rauninni er. Þarna þurfa skátar og aðrir velunnarar að taka höndum saman og byggja net þvert í gegn um íslenskt samfélag, hjá ráðuneytum, í sveitarfélögum og sjálfbóðaliðahreyfingum fullorðinna til þess að saman getum við gripið ungmennin okkar og

fært þau nær, nær hvort öðru í raunheimum og nær uppbyggilegum gildum sem styðja þau og efla.

Samán getum við allt.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Skátahöfðingi



Stjórn, fastaráð og starfsfólk

STJÓRN BÍS

Skátahöfðingi

Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Ægisbúar | fyrst kjörin 2022
Tengiliður við Alþjóðaráð

Aðstoðarskátahöfðingi

Pórhallur Helgason
Segull | fyrst kjörin 2020
Tengiliður Útilífsráðs

Gjaldkeri

Sævar Skaptason
Kópar | fyrst kjörin 2019
Stjórnarformaður Grænna skáta

Meðstjórnandi

Guðrún Stefánsdóttir
Hraunbúar | fyrst kjörin 2022
Tengiliður Skátaskólans

Meðstjórnandi

Unnur Líf Kvaran
Skjöldungar | fyrst kjörin 2022
Tengiliður Starfsráðs

Meðstjórnandi

Davíð Þrastarson
Garðbúar | fyrst kjörin 2023
Tengiliður Alþjóðaráðs

Meðstjórnandi

Auður Sesselja Gylfadóttir
Ægisbúar | fyrst kjörin 2024
Tengiliður Ungmennaráðs

FASTARÁÐ

Alþjóðaráð

Andri Rafn Ævarsson | Ægisbúar
Sunna Dís Helgadóttir | Skjöldungar
Daði Már Gunnarsson | Garðbúar
Sandra Óskarsdóttir | Heiðabúar
Berglind Lilja Björnsd. | Alþjóðafulltrúi WOSM
Egle Sipaviciute | Alþjóðafulltrúi WAGGGS.

Starfsráð

Fanný Björk Ástráðsdóttir | Heiðabúar
Jóhanna Björg Másdóttir | Kópar
Sigurður Viktor Úlfarsson | Landnemar
Valur Kári Óskarsson | Skjöldungar
Védís Helgadóttir | Landnemar

Skátaskólinn

Björk Norðdahl | Kópar
Harpa Hrönn Grétarsdóttir | Hraunbúar
Kristín Hrönn Þráinsdóttir | Kópar
Sebastian Fjeldal Berg | Klakkur

Ungmennaráð

Emil Kjartan Valdimarsson | Ægisbúar
Hafðís Rún Sveinsdóttir | Fossbúar
Ragnar Eldur Jörundsson | Ægisbúar
Ragnheiður Óskarsdóttir | Kópar
Þorkell Grímur Jónsson | Garðbúar

Útilífsráð

Anna Margrét Tómasdóttir | Skf. Akraness
Erla Sóley Skúladóttir | Kópar
Jakob Frímann Þorsteinsson | Garðbúar
Ævar Aðalsteinsson | Mosverjar

STARFSFÓLK SKÁTAMIÐSTÖÐVARINNAR



Ragnar Þór Þrastarson

Framkvæmdarstjóri BÍS, ÚSÚ,
Skátamóta og Skátabúðarinnar



Halldóra Inga Ingileifsdóttir

Fjármálastjóri BÍS og
dótturfélaga



Hilda Ösp Stefánsdóttir

Bókari BÍS og dótturfélaga



Katrín Kemp Stefánsdóttir

Verkefnastýra fræðslumála og
staðgengill framkvæmdarstjóra

Helstu verkefni á árinu

- Hringferðin
- Dróttskátamót
- Tengiliður við Skátaskólann,
Leiðbeinendasveit og Gilwell



Halldóra Aðalheiður Ólafsd.

Kynningamálastýra BÍS
og dótturfélaga

Hestu verkefni á árinu

- Hughrifaherferð
- Heimasíða BÍS
- Sígræna jólatréð
- Skátaskírteini
- Tengiliður við Starfsráð



Andrea D. V. Pálsdóttir

Erindreki og ljósmyndari

Hestu verkefni á árinu

- Nýr færnimerkjabæklingur
- Aldurbiladagar
- Fálkaskátamót
- Forsetamerkið
- World Scout Moot
- Tengiliður við starfsráð



Sædís Ósk Helgadóttir

Erindreki

Helstu verkefni á árinu

- Drekkaskátamót
- Rekkaskátamót
- Aldursbiladagar
- Alheimsmót skáta 2027
- Vetraráskorun Crean
- Tengiliður við alþjóðaráð
og ungmennaráð



Heiðdís Snorradóttir

Hóf störf í ágúst 2025

Erindreki landsbyggðar
og verkefnastýra viðburða

Helstu verkefni á árinu

- Landsmót skáta 2026
- Hringferðin



Úlfur Kvaran

Sölu- og markaðsfulltrúi
Skátabúðarinnar

Helstu verkefni á árinu

- Rekstur Skátabúðarinnar
- Sígræna jólatréð
- Einkenni aldursbilamóta
- Innleiðing nýrra færnimerkja

Stefna BÍS

Stefna BÍS fyrir árin 2020-2025, fyrirmynd til framtíðar, er að renna sitt skeið og gefst því gott tækifæri til að staldra aðeins við, líta yfir farinn veg og skoða hvernig við stóðum okkur. Áherslur stefnunnar eru fólk – framsýni – færni og var unnið eftir því leiðarljósi að „[...] bjóða öllum skátum, ungum sem öldnum, ævintýrlegan vettvang, fjölbreytt tæki og persónulegar áskoranir til að tileinka sér samfélagsvitund og færni til framtíðar“.

Heimsmyndin hefur svo sannarlega tekið miklum breytingum frá þeim tíma sem við settum okkur þessa stefnu og höfum við staðið frammi fyrir áskorunum sem við sáum ekki fyrir þegar stefnan var tekin. Það hefur óneitanlega haft áhrif á vinnu stefnunnar en þó hafa miklar framfarir náðst á ýmsum sviðum.

Helstu þættir sem við höfum unnið að og náð eru meðal annars eftirfarandi:

Starfsgrunnur er betur skýrður, þar eru skýr markmið fyrir hvert aldursbil ásamt því að við höfum útfært markmið, merki, hvatakerfi og táknræna umgjörð fyrir fjölskyldu- og hrefnuskáta.

Verklýsingar sjálfbóðaliðahlutverka eru til staðar fyrir öll hlutverk og verkefni í starfi BÍS og hafa mörg skátafélög tileinkað sér þá verklagshætti.

Ánægjukannanir hafa verið sendar út til þátttakenda og sjálfbóðaliða þar sem kemur fram að meginþorri eru ánægð með þjónustu Skátamiðstöðvarinnar og meðvitund um siðareglur og viðbragðsáætlanir hefur aukist.

Námskeiðaframboð BÍS hefur aukist til muna en nú eru til leiðtogaþjálfunarnámskeið fyrir skáta frá 10 ára aldri, foringjanámskeið eru haldin árlega og endurmat er sent eftir hvert námskeið þar sem þau mælast með yfir 7 af 10 í einkunn.

Á síðustu þingum hefur hlutfall atkvæða í höndum ungmenna verið um 50% sem er til fyrirmyndar.

Að lokum ber að nefna þau verkefni sem hafa litað árið 2025 hvað mest, hughrifaherferð skátanna og hringferðin. Þar höfum við náð að koma í dreifingu auglýsingu sem sýnir hvað skátastarf er og gengur út á og stefnt er að því að halda áfram árið 2026. Í hringferðinni höfum við unnið að því að fjölga skátum og skátafélögum samhliða því að auðvelda það ferli fyrir áhugasömum aðilum.

Nú undirbúum við næstu stefnu og hlökkum til að vinna að því að framfylgja þeirri sýn sem skátahreyfingin vill að stýri verkefnum okkar næstu árin.



Fastaráð og verkefni þeirra

ALÞJÓÐARÁÐ

Alþjóðaráð sinnir samskiptum við erlend skátabandalög, samtök og skáta fyrir hönd BÍS. Einnig aðstoðar ráðið við innleiðingu verkefnapakka á vegum WAGGGS og WOSM. Þá veitir ráðið íslenskum skátum upplýsingar um erlent skátastarf og tilboð um skátastarf erlendis svo sem skátamót, námskeið og önnur tækifæri. Á árinu bar hæst í alþjóðastarfi frábær fararhópur á World Scout Moot í Portúgal, mjög vel heppnað Ung I Norden á Íslandi og flottur íslenskur fararhópur á Evrópuþing WOSM og WAGGGS í Austurríki.

Meðlimir Alþjóðaráðs:

Andri Rafn Ævarsson | Ægisbúar

Sunna Dís Helgadóttir | Skjöldungar

Daði Már Gunnarsson | Garðbúar

Sandra Óskarsdóttir | Heiðabúar

Með ráðinu störfuðu:

Berglind Lilja Björnsd. | Alþjóðafulltrúi WOSM

Egle Sipaviciute | Alþjóðafulltrúi WAGGGS

Samstarfsnefnd norrænu skátabandalaganna

Samstarfsnefnd Norrænu Skátabandalaganna (NSK) skipa fulltrúar Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Noregs, Íslands og Svíþjóðar. Nefndin heldur fund a.m.k. einu sinni á ári. Í ár var Finnland gestgjafi og fulltrúar hittust á Suomenlinna eyju fyrir utan Helsinki til þess að stilla saman strengi og ræða málefni sem snerta Norðurlöndin.

Fulltrúar BÍS í samstarfsnefndinni:

Berglind Lilja Björnsdóttir og Egle Sipaviciute

Starfsnefndir á vegum WAGGGS og WOSM

BÍS hefur í gegnum tíðina átt fulltrúa í starfsnefndum á vegum Evrópustjórnar WAGGGS og WOSM. BÍS er kunnugt um að hjá WOSM hafi Hulda Sólrún Guðmundsdóttir verið meðlimur í Youth Empowerment Team hjá WOSM Evrópu sem og WOSM Consultant. Hún hefur einnig starfað í Safe from Harm Implementation Team og í World Scout Moot 2025 Planning Team sem Safe From Harm Coordination Co-lead. Auk þess tók hún sæti í Safe from Harm Policy Review team hjá WOSM.



Berglind Lilja Björnsdóttir starfaði í Continuous Improvement Team hjá WOSM Evrópu auk þess sem hún í lok árs tók við keflinu sem Coordinator fyrir WOSM Evrópu.

Evrópuþing

Evrópuþing WOSM og WAGGGS var haldið í Austurríki 19.-23. júlí 2025. Sjö íslenskir fulltrúar sóttu þingið, tveir fulltrúar fóru á WAGGGS þingið og fimm á WOSM þingið. Meirihluti fulltrúa voru ungmenni og setti það skemmtilegan svip á þingin. Mikil samheldni var í hópnum og tóku öll þátt í smíðjum, samtölum og umræðum innan norðurlandasamstarfsins og umræðum um kosningarnar. Á WAGGGS þinginu var kosið í nýja Evrópustjórn og fékk Olivia Solman frá Svíþjóð endurkjör. Samþykkt var ný þriggja ára stefnuskrá og breyting á gjaldtöku Evrópu svæðisins sem fór úr því að vera orðuð sem valkvæð yfir í skyldubundna greiðslu. Á WOSM þinginu var einnig kosið í nýja stjórn og það þingið um aukna áherslu á friðarverkefni jafnt sem að fá fleira ungt fólk inn í ákvarðanatöku. Í lok þings var tilkynnt að næsta Roverway yrði haldið í Sviss og eftir það voru spennandi dagskrárhugmyndir kynntar.

Fulltrúar BÍS á Evrópuþingi:

Berglind Lilja Björnsd. | Alþjóðafulltrúi WOSM

Davíð Þrastarson | Stjórn BÍS

Egle Sipaviciute | Alþjóðafulltrúi WAGGGS

Guðrún Stefánsdóttir | Stjórn BÍS

Harpa Ósk Valgeirsdóttir | Stjórn BÍS

Helgi Þórir Sigurðsson | Vífill

Hildur Bragadóttir | Kópar

Erlend skátamót

Á hverju ári berast BÍS boð frá fjölmörgum löndum um þátttöku í skátamótum. BÍS er kunnugt um að á árinu hafi skátafélögin Mosverjar og Svanir farið með hóp á Landsmót í Noregi í júlí. Skátar frá skátafélögum Árbúum og Hraunbúum fóru á Brekkuleguna í Færeyjum. Þá fóru skátar frá skátafélaginu Ægisbúum til Vassarö í Svíþjóð og skátar úr skátafélaginu Stróki til Larch Hill á Írlandi. Íslenskir skátar sem hafa áhuga á að sækja skátamót erlendis geta fengið ráðgjöf frá alþjóðaráði sé þess óskað.

World Scout Moot

Alþjóðamót skáta á rekka- og róveraldri var haldið í Portúgal dagana 25. júlí til 3. ágúst. Íslenski fararhópurinn samanstóð af einum fararstjóra, 15 þátttakendum og einum IST.

Aðalmarkmið Moot er að leiða saman ungt fólk í skátahreyfingunni frá ólíkum bakgrunni til að byggja upp vináttu, efla leiðtogaþæfni og vaxa sem virkir alþjóðlegir borgarar. Það er gert með fjölbreyttum verkefnum, útivistarævintýrum, þjónustuverkefnum og menningarskiptum. Markmið íslenska fararhópsins voru að styrkja þátttakendur til að stýra eigin ferðalagi, halda kostnaði í lágmarki og kynna íslenskt skátastarf af bestu getu. Þátttakendur flugu sjálf út til Portúgal og hittust daginn fyrir mót í Lissabon. Eftir opunarhátíðina hélt hópurinn á vit ævintýrana víðs vegar um Portúgal í 5 daga. Þá hittust þau aftur í aðal tjaldbúðunum í Espinho, þar sem þau sameinuðust 7.500 skátum frá öllum heimshornum og tóku þátt í skemmtilegri (þó mjög heitri) dagskrá. Moot lauk í Porto, þar sem íslenski hópurinn sleit ferðinni og daginn eftir leysist fararhópurinn upp og héldu þátttakendur annað hvort áfram í eigin ferðalög eða fóru heim til Íslands.

Ferðin gekk heilt yfir vel, fyrir utan að hluti fararhópsins varð viðskila við farangurinn sinn á leiðinni út til Portúgal en sem betur fer komst farangurinn til skila fyrir mótssetningu. Íslenski fararhópurinn stóð sig einstaklega vel og voru skátahreyfingunni til sóma, þau tóku öllum áskorunum með æðruleysi, voru lausnamiðuð og boðin og búin til aðstoðar.

Fararstjóri:

Jóhann Gunnar Malmquist | Klakkur



Ung i Norden: Alþjóðleg kvöldvaka á ÚSÚ



Ung i Norden

Ung i Norden er viðburður þar sem skátar frá Norðurlöndunum á aldrinum 16–22 ára koma saman til að byggja sambönd og læra eitthvað nýtt. Í ár var viðburðurinn haldinn á Íslandi dagana 16. – 19. október með þemanu Environmental sustainability. Þátttakendur voru 34 frá öllum Norðurlöndunum.

Viðburðurinn hófst á ratleik um miðbæinn og bíókvöldi í Garðbúaheimilinu. Áður en haldið var á Úlfjótssvatn þar sem restin af viðburðinum átti sér stað fór hópurinn Gullna hringinn þar sem skipuleggjendur settu á sig leiðsögmannahattinn og kynnti hópnum fyrir allskonar áhugaverðu tengdu landi, þjóð og umhverfismálum. Á þingvöllum tók við hópnum leiðsögumaður frá Þjóðgarðinum sem náði einstaklega vel til hópsins. Veðrið var fallegt og öll skemmtu sér vel. Þegar á Úlfjótssvatn var komið fékk hópurinn hressingu og héldu alþjóðakvöld. Dagurinn eftir var stútfullur af flottum vinnustofum sem öll komu inn á þema viðburðarins. Hópurinn var einstaklega áhugasamur um þemað og tóku áberandi virkan þátt í vinnustofunum og öðrum dagskrárlíðum sem gerði viðburðinn ógleymanlegan.

Í skipulagshóp:

Arney Sif Ólafsdóttir | Skjöldungar
Daði Már Gunnarsson | Alþjóðaráð BÍS
Davíð Þrastarson | Stjórn BÍS
Egle Sipaviciute | Alþjóðafultrúi WAGGGS
Hildur Bragadóttir | Kópar
Reynir Tómas Reynisson | Skjöldungar
Sunna Dís Helgadóttir | Alþjóðaráð BÍS

Þátttakendur frá Íslandi:

Aðalsteinn Ingi Jónasson | Ægisbúar
Daníel Þröstur Pálsson | Árbúar
Einar Tryggvi Petersen | Árbúar
Högni Gylfason | Kópar
Þórir Snær Sigurðsson | Landnemar

JOTA/JOTI

JOTA-JOTI, alheimsnot skáta í loftinu og á internetinu er skátamót þar sem skátar frá öllum heimshornum fá tækifæri til að hittast á skátamóti þó þau séu stödd á mismunandi stöðum í heiminum. Á árinu vann Alþjóðaráð að því að þýða og miðla efni tengt viðburðinum og hvetja sveitir og félög að búa til umgjörð sem gerði skátum kleift að taka þátt með skipulögðum hætti sem hópur.

Go Global

Go Global, árlegt námskeið um alþjóðaskátastarf á vegum NSK var að þessu sinni haldið í smábænum Höör á Skáni í Svíþjóð 7.-9. nóv. Sænska bandalagið var gestgjafinn viðburðarins. Á námskeiðinu var fjallað um tækifærin sem gefast í alþjóðlegu skátastarfi og farið yfir starfsemi WOSM, WAGGGS og NSK og hvernig stjórnsýsla þeirra er háttað. Einnig var farið yfir hvernig stjórnsýsla og einingar innan bandalaganna á Norðurlöndum virka.

Þátttakandi frá Íslandi:

Andri Rafn Ævarsson | Ægisbúum

Erlendir fundir, námskeið og ráðstefnur sem fulltrúar BÍS sóttu á árinu 2025

Symposium | Svíþjóð | mars
Berglind Lilja Björnsdóttir

Auka NSK fundur v. Evrópuþings | Danmörk | júlí
Berglind Lilja Björnsdóttir og Egle Sipaviciute

NSK fundur | Finnland | september
Berglind Lilja Björnsdóttir

Academy | Grikkland | nóvember
Andrea D. V. Pálsd. og Halldóra Aðalheiður Ólafsd.

Function based network meetings | okt-nóv
á netinu fyrir stjórnir, starfsfólk, ráð og nefndir Norðurlandanna.

Erlendar skátamiðstöðvar

Fjölmargar skátamiðstöðvar eru starfandi í heiminum, bæði á vegum WAGGGS og WOSM en einnig á vegum erlendra skátabandalaga. Íslenskir skátar unnu ýmis störf í skátamiðstöðum á árinu. BÍS er kunnugt um að Valur Kári Óskarsson og Hrafnkell Úlfur Ragnarsson hafi verið sjálfboðaliðar í KISC, Alþjóðlegu Skátamiðstöðinni í Kandersteg í Sviss.

STARFSRÁÐ

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir, sveitarforingja og flokksforingja. Megináhersla ráðsins er að hafa frumkvæði að og fylgja eftir útgáfu og gerð efnis sem styður við skátastarf á Íslandi með áherslu á dagskrármál, starfsgrunninn og hvatakerfi.

Starfsráð:

Fanný Björk Ástráðsdóttir | Heiðabúar

Jóhanna Björg Másdóttir | Kópar

Sigurður Viktor Úlfarsson | Landnemar

Valur Kári Óskarsson | Skjöldungar

Védís Helgadóttir | Landnemar

Tengiliður við stjórn BÍS er Unnur Líf Kvaran

Færni-merkin

Stærsta verkefnið á árinu var endurskoðun á öllu efni tengdu færni-merkjum. Mikil vinna fór í yfirferð á öllum merkjum og öll merkin voru tengd við markmiðaflokka. Í sumum tilfellum var kröfum breytt og ný merki voru innleidd. Mappa með færni-merkjum verður afhent skátafélögunum í upphafi árs 2026.

Forsetamerkið

Ráðið gegnir mikilvægu hlutverki í að fylgja eftir og styðja skáta sem eru að vinna að forsetamerkinu, með því að halda forsetamerkisráðgjöf þar sem skátum sem eru að byrja vegferðina er hjálpað að komast af stað og þau sem eru að klára vegferðina fá aðstoð við að leggja loka-hönd á vegabréfið.

Vegna framkvæmda á Bessastöðum frestaðist afhending 2024 til 29. mars 2025. Fyrir þá afhendingu las ráðið yfir og samþykkti vegabréf 16 rekkaskáta, ásamt því að skrifa kveðju til þeirra skáta sem kláruðu vegferðina.

Þann 2. nóvember hittumst við aftur á Bessastöðum þegar 26 rekkaskátar fengu afhent forsetamerkið. Sama dag var haldið upp á 60 ára afmæli forsetamerkisins og kom fjöldi skáta saman af því tilefni í skátaheimili Vífils í Garðabæ að lokinni afhendingu á Bessastöðum.

Hringferðin og „10 fyrstu fundirnir“

Starfsráð hóf vinnu við að búa til stuðningsefni fyrir foringja, sem gengur undir vinnuheitinu „10 fyrstu fundirnir“ en mun einnig ná yfir útilegur og annað starf.

Verkefnið miðar að því að skátaforingjar hafi aðgang að góðu stuðningsefni við framkvæmd skátastarfs og tekur sérstaklega mið af Hringferðinni þar sem nýir skátaforingjar stofna ný skátafélög og hafa oft á tíðum ekki áður tekið þátt í skátastarfi.

Kynningar frá starfsráði

Mikilvægt er að hvetja til notkunar á efni sem stendur skátum og foringjum til boða, líkt og starfsgrunninn, hvatakerfið og fleira. Starfsráð nýtti Skátaþing, Kveikju og Neista til að kynna starfsgrunninn og hvatakerfið fyrir foringjum og öðrum skátum.

SKÁTASKÓLINN

Skátaskólinn sér um skipulag og stefnumótun fræðslu fyrir skátaforingja og aðra áhugasama skáta. Stjórn Skátaskólans hefur á undanförunum árum unnið að endurskipulagi námskeiðahalds fyrir hreyfinguna þar sem áhersla er lögð á leiðtogaþjálfun og hagnýta foringjaþjálfun. Á öllum námskeiðum er unnið með fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiki, virkni þátttakenda, útinám og ígrundun.

Helsta áherslan hefur verið á foringjaþjálfunarnámskeið, Kraft-námskeiðin, Gilwell og Neista. Haldið var áfram vinnu við umgjörð rafrænnar fræðslu á árinu.

Skátaskólinn:

Björk Norðdahl | Kópar

Harpa Hrönn Grétarsdóttir | Hraunbúar

Kristín Hrönn Þráinsdóttir | Kópar

Sebastian Fjeldal Berg | Klakkur

Tengiliður þeirra úr stjórn BÍS er Guðrún Stefánsdóttir

Leiðtogaþjálfun

Foringjaþjálfunarnámskeið var að venju haldið í september fyrir starfandi sveitarforingja og aðstoðarsveitarforingja í Lækjarbotnum. Námskeiðið var vel sótt, þátttakendur komu frá 9 mismunandi félögum og tókst það með eindæmum vel. Námskeiðin eru haldin í upphafi september ár hvert og ljóst að það nýtist foringjum vel að byrja starfsárið á fræðslu um það hlutverk sem þau hafa tekið að sér.

Kraftsnámskeiðin eru leiðtogaþjálfun sem er haldin fyrir fálka-, drótt- og rekkaskáta og miða að því að efla persónulegar framfarir skátanna. Öll byggja þau á sama grunnstefinu, að efla sjálfstæði og þor þátttakenda en viðfangsefnið er ólík eftir viðeigandi stígangandi í starfinu. DróttKraftur var haldinn í nóvember en ekki náðist að halda RekkaKraft vegna ónógrar þátttöku. Við bjóðum skátafélögunum upp á að fá til sín leiðtoganámskeið fyrir fálkaskáta. Þetta árið þáði enginn þetta boð og er það miður því námskeiðið er bæði skemmtilegt og fræðandi og tilvalin leið til að styrkja og efla fálkaskátana okkar.

Gilwell

Gilwell leiðtogaþjálfunin hélt sínu striki. Á námskeiðinu er áhersla lögð á sjálfstyrkingu, sjálfsskilning, gildi einstaklinga og leiðtogaþjálfun í skátastarfi ásamt því að byggja upp góða flokkastemmingu og vinna með táknaða umgjörð. Nýr hópur hóf Gilwell vegferðina á árinu og munu þau ljúka sínu námi og útskrifast sem Gilwell skátar í febrúar 2026.

Leiðbeinendahópur Gilwell:

Björk Norðdahl | Kópar

Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir | Mosverjar

Helga Rós Einarsdóttir | Ægisbúar

Kristín Hrönn Þráinsdóttir | Kópar

Jón Grétar Sigurjónsson | Landnemar

Harpa Ósk Valgeirsdóttir | Stjórn BÍS

Sú nýbreytni var á árinu að framhalds Gilwell var keyrt samhliða Gilwell grunnnámskeiðinu í júní. Sextán vaskir skátar mættu til leiks og mörg þeirra eru núna að vinna að þriðju eða fjórðu perlu verkefnum sem miða öll að því að efla og styðja við skátastarf á landsvísi. Þau munu svo ljúka sinni vegferð í október 2026.

Leiðbeinendasveitin

Leiðbeinendasveitin sér um að halda foringjaþjálfunarnámskeiðin og Kraft-námskeiðin. Við fengum inn nýjan foringja sveitarinnar á haustmánuðum til að efla og styrkja sveitina, sem tókst nokkuð vel.

Leiðbeinendasveitin:

Brynjar Óli Barkarson | Fossbúar

Erla Sóley Skúladóttir | Kópar

Hinrik Pétur Jóhannsson | Vogabúar

Jón Grétar Sigurjónsson | Landnemar

Kolbrún Ósk Pétursdóttir | Garðbúar

Védís Helgadóttir | Landnemar





Tré og trjútt: Stund milli verkefna

Prennupjálfar

Prennupjálfar héldu áfram að bjóða upp á fræðslu og stuðning við stjórnir félaganna vegna Félagaprennunar. Einnig voru þau með kynningar á félagaprennunni á Skátapiingi og héldu vinnustofu um fjölgun sjálfboðaliða á Skátapiingi.

Félagaprennan:

Björk Norðdahl | Kópar
Brynja Guðjónsdóttir | Garðbúar
Kristín Birna Angantýsdóttir | Kópar
Jóhanna Aradóttir | Svanir
Selma Björk Hauksdóttir | Heiðabúar

UNGMENNARÁÐ

Hlutverk Ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis skátahreyingarinnar, stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfi.

Ungmennaráð:

Emil Kjartan Valdimarsson | Ægisbúar
Hafðís Rún Sveinsdóttir | Fossbúar
Ragnar Eldur Jörundsson | Ægisbúar
Ragnheiður Óskarsdóttir | Kópar
Þorkell Grímur Jónsson | Garðbúar

Áheyrnarfulltrúi ungmenna í stjórn BÍS:

Einar Tryggvi Petersen | Árbúar

Ungmennapiing

Á ungmennapiing 2025 mættu 27 aðilar að meðtöldu ungmennaráði og tengiliði þess. Upprunalega átti að halda þingið í Stykkishólmi, en vegna veðurs var þingið fært á höfuðborgarsvæðið. Kosið var um ýmislegt og komst sumt af því í gegn. Það var rætt um lagabreytingartilögurnar fjórar um 16. grein, 10. grein, 14. grein og 26. grein. Kosið var í nýtt ungmennaráð, svo það eru komnir þrír nýir meðlimir í ungmennaráð ásamt tveimur sem héldu áfram starfi sínu. Gist var í skátaheimili Vogabúa í Grafarvogi, þar sem fólk ferðaðist með annað hvort strætó eða bíl í Hraunbæ 123 þar sem þingið var haldið. Notað var sama ferðamáta til að komast til baka í kvöldmat. Skemmtileg og fræðandi dagskrá var alla helgina.

Skátapiing

Ungmennaráð mætti á Skátapiing í Hafnarfirði og kynnti þar fjölda lagabreytingatillaga og áskorana. Ásamt því var ungmennaráð með bás fyrir þing og fékk þá tillögur ungmenna hvað þau vildu sjá á ungmennaráð gera.

Tré og tjútt

Ungmennaráð hélt viðburðinn tré og tjútt helgina 5.-7. september í Esjuhlíðum í samstarfi við skógræktina og var viðburðurinn vel sóttur.

Verkefnið var styrkt af loftslagssjóði Reykjavíkurborgar og var viðburðurinn því ókeypis fyrir þátttakendur. Þátttakendur fengu tækifæri til þess að planta trjám, viðhalda göngustígum á

svæðinu og margt annað og hjálpuðu þá til við að útbúa nýtt og betra útivistarsvæði. Ásamt því var helgin full af allskonar skemmtidagskrá og skemmtu þátttakendur sér mjög vel.

ÚTILÍFSRÁÐ

Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.

Útilífsráð fundaði ekki á árinu.

AÐRIR VINNUHÓPAR

Vetraráskorun Crean

Vetraráskorun Crean er samstarfsverkefni íslenskra og írskra skáta. Vinnuhópurinn sér um skipulagningu og framkvæmd viðburðarins, velur þátttakendur frá Íslandi og undirbýr þá fyrir áskorunina. Verkefnið samanstendur af fjórum undirbúningshelgum frá hausti fram í febrúar þegar aðal áskorunin fer fram á Úlfjótuvatni og Hellisheiði. Í níu daga gista íslensku og írsku þátttakendurnir í tjöldum, fara í fjölbreyttar og mislangar göngur frá svæðinu og æfa sig þess á milli í fjölda þátta tengdum útivist. Vorið 2025 luku 15 íslenskir skátar og 32 írskir skátar vetraráskorun Crean með stakri þriði. Haustið 2025 hóf nýr hópur vegferðina og fóru þau á fjórar undirbúningshelgar í ýmsum veðrum. Sá hópur mun ljúka vegferð sinni í febrúar 2026.

Vinnuhópur:

Daði Már Gunnarsson | Garðbúar
Davíð Þrastarson | Garðbúar
Erika Eik Bjarkadóttir | Hamar | 2024-2025
Hanna Greta Jónsdóttir | Skjöldungar
Jón Björn Richardsson Yeo | Árbúar
Kjartan Bragi Ágústsson | Árbúar

Minjanefnd:

Minjanefnd skáta er samstarfsnefnd SSR, BÍS og Skátagildanna á Íslandi um varðveislu og skráningu skátaminja. Hver aðili skipar tvo fulltrúa í nefndina.

Fulltrúar BÍS í minjanefnd:

Fanney Kristbjarnardóttir
Guðmundur Pálsson

Áhersluverkefni

HUGHRIFAHERFERÐ

Í ársbyrjun 2025 var leitað eftir tilboðum í umfangsmikið en mikilvægt verkefni, hughrifaferð. Tilboðið sem var samþykkt var frá Sahara og reyndist samstarfið vel. Markmiðið var að búa til efni sem sýnir skátastarf í réttu ljósi og höfðar til tilfinninga fólks. Í sjónvarpi er algengt að ýkjur séu notaðar til að gera efni meira grípandi og áhrifaríkara en í tilfelli BÍS var farið öfuga leið. Efnið var raunverulegt, heiðarlegt og skemmtilegt. Óskað var eftir áhugasömum skátum til að leika í herferðinni og myndaðist góður hópur ungra skáta sem veitti verkefninu lið.

Herferðin fór svo af stað í ágúst og september þegar skráningar í skátafélögin stóðu yfir. Efnið birtist meðal annars á samfélagsmiðlum, í útvarpi, sjónvarpi, bíóhúsum og vefborðum. Áætlað er birta meira efni með haustinu 2026.

BÍS þakkar eftirfarandi skátum innilega fyrir þátttöku sína í verkefninu:

Anna Sól Ísbrá Eiríksdóttir | Hraunbúar
Ástrós Lillý Þórsdóttir | Heiðabúar
Daði Már Gunnarsson | Garðbúar
Dagur Sverrisson | Ægisbúar
Daníel Þróstur Pálsson | Árbúar
Davíð Þrastarson | Garðbúar
Edda María Einarsdóttir | Garðbúar
Emil Kjartan Valdimarsson | Ægisbúar
Erla Sóley Skúladóttir | Kópar
Helgi Fannar Steinþórsson | Klakkur
Ísold Vala Þorsteinsdóttir | Garðbúar
Jón Oddur Heimisson | Klakkur
Kristófer Njálsson | Mosverjar
Lára Margrét Hermannsdóttir | Heiðabúar
María Mist Þórs Sigursteinsdóttir | Heiðabúar
Oddur Auðunsson | Ægisbúar
Róbert Ómar Þorsteinsson | Skjöldungar
Sigrún María Einarsdóttir | Garðbúar
Una Signý Sigurðardóttir | Landnemar
Þorsteinn Flóki Einarsson | Landnemar



Mynd til vinstri: Á bak við tjöldin - Oddur Auðunsson
Myndir efst og fyrir neðan hana: tilbúið efni frá Sahara
Mynd fyrir ofan texta: Frá frumsýningu í ágúst - AD

HRINGFERÐIN

Vinna við hringferðina fór á fullt árið 2025, það fjölgaði í hópi sjálfbóðaliða sem sinna verkefninu en einnig hlaut verkefnið styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Yfirskrift Hringferðarinnar er að öll börn á Íslandi hafi kost á skátastarfi og er stefnt að því að stofna ný skátafélög í landshlutum þar sem lítið er um starf nú þegar, fjölga starfandi sjálfbóðaliðum hreyfingarinnar og taka betur á móti áhugasömum sjálfbóðaliðum. Hafa því verið mótaðir þrír vinnuhópar sem einbeita sér að einstökum verkþáttum verkefnisins.

Fjölgun skátafélaga

Hópurinn vinnur að því að móta ferli sem auðveldar áhugasömu fólki að koma á fót skátastarfi þar sem það hefur ekki verið starfrækt áður. Miðað er við að starfið geti verið í þeirri mynd sem henti hverjum stað best, hvort sem það er að byrja með fjölskylduskátastarf, eitt aldursbil eða starf óháð aldri þátttakenda. Stefnt er að því að ný félög fái stuðning frá öðru vinafélagi ásamt Skátamiðstöðinni fyrstu 2 árin en að því loknu verði þau sjálfstæð félög. Samtal er jafnframt hafið við áhugasöm sveitarfélög og mun sú vinna halda áfram á næstu árum.

Meðlimir hópsins eru:

Guðrún Stefánsdóttir | Stjórn BÍS
Guðrún Inga Úlfisdóttir | Fossbúar
Brynjar Örn Svavarsson | Hraunbúar

Sjálfbóðaliðanámskeið

Hópurinn hefur skipulagt byrjendanámskeið fyrir fullorðna sem vilja ganga til liðs við skátana eða hafa litla reynslu af skátastarfi. Á námskeiðinu er farið yfir grunnatriði skátastarfs og þátttakendur fá tækifæri á því að upplifa skátastarf á eigin skinni og njóta útiveru í góðum félagsskap. Að námskeiðinu loknu er þátttakendum boðin aðstoð við að komast í samband við skátafélag eða verkefnahóp sem getur nýtt krafta þeirra í sínum verkefnum. Fyrsta námskeiðið hófst í nóvember og tókst það einstaklega vel.

Meðlimir hópsins eru:

Unnur Líf Kvaran | Stjórn BÍS
Anna Marta Söbech | Kópar
Birta Ísafold Jónasdóttir | Mosverjar
Elín Sigríður Ármannsdóttir | Vogabúar
Rafnar Friðriksson | Skjöldungar

Móttaka sjálfbóðaliða

Hópurinn hefur unnið að því að móta ferli til að taka á móti fullorðnum sem hafa áhuga á að taka þátt í skátastarfi, hvort sem þau hafi litla sem enga reynslu eða eru að koma aftur í starfið eftir hlé. Jafnframt tekur hópurinn við þátttakendum sem ljúka sjálfbóðaliðanámskeiðinu og bjóða þeim eftirfylgd og aðstoð við að komast inn í ný hlutverk í hreyfingunni.

Meðlimir hópsins eru:

Björk Norðdahl | Kópar
Selma Björk Hauksdóttir | Heiðabúar
Kristín Birna Angantýsdóttir | Kópar
Brynja Guðjónsdóttir | Garðbúar

HEIMASÍÐA SKÁTANNA

Heimasíða BÍS hefur frá vormánuðum 2024 tekið miklum breytingum, verið einfölduð í notkun og upplýsingar samræmdar og sameinaðar, sú vinna hélt áfram fyrrihluta árs 2025. Bakendi síðunnar hefur verið flókinn í notkun og erfitt að koma nýju fólki inni málin. Á haustmánuðum 2025 varð heimasíða BÍS fyrir barðinu á tölvuþrjótum sem leiddi til þess að fengin voru tilboð í nýja heimasíðu. Undirbúningur kynningamálastýru og skrifstofu fyrir nýja síðu stóð yfir frá október fram í byrjun desember en í desember byrjun fór vinnan af stað í samstarfi við Sahara. Vinnan gekk hratt og vel fyrir sig þar sem tölvuþrjótarnir herjuðu stöðugt á gömlu síðuna og var það vilji allra aðila að vinna verkið hratt og vel svo hægt væri að koma upplýsingum skilmerkilega til skila. Heimasíðan lítur dagsins ljós í upphafi 2026 en vinnan við að koma upplýsingum og tryggja að allt virki sem skyldi heldur áfram fram á sumar 2026.



Helstu viðburðir sem BÍS kom að samkvæmt dagatali og starfsáætlun BÍS

JANÚAR

- 12.-14. Neisti | Úlfljótsvatn
- 17.-19. Gilwell 1. hluti | Úlfljótsvatn | Frestað
- 17.-19. Undirbúningshelgi Crean | Dalakot
- 20. Inngilding og fjölmennning | ÆV | Frestað
- 30. Félagsforingjafundur | Skátamiðstöðin

FEBRÚAR

- 7.-9. Ungmennæping | Skátaheimili Vogabúa og Skátamiðstöðin
- 15. Fjölskylduskátadagur | Rauða Krossinn og BÍS | Hlíðunum
- 17. Hinsegin fræðsla | ÆV | Skátamiðstöðin
- 14.-21. Vetraráskorun Crean | Úlfljótsvatni og Hellisheiði
- 22. Þankadagurinn
- 28. - 2. Útilífsnámskeið í Eyjafirði | Valhöll
Samstarf við Klakk og Skíðasamband skáta

MARS

- 5. Drekaskátadagurinn | Vesturbær Reykjavíkur
- 31. Afhending forsetamerkisins | Bessastaðir

APRÍL

- 4. – 6. Skátæping | Hafnarfjörður
- 11.-13. Rekkakraftur | Skátafell | Aflyst
- 12. ÍSHÆK | Skíðasamband skáta, Klakkur | Gil suður af Fjörðum
- 25.-27. Ds. Súrr-Realismi | Grænjaxlarnir | Úlfljótsvatn
- 28. Hinsegin fræðsla | ÆV | Skátamiðstöðin

MAÍ

- 11. Samráðsfundur stjórnar og ráða | Skátamiðstöðin
- 17.-18. Skyndihjálparnámskeið | Skátamiðstöðin
- 21. Verndum þau | ÆV | Fjarnámskeið
- 21. Aðalfundur Skógarskáta | Skátamiðstöðin
- 28.-1. Gilwell 1. hluti | Úlfljótsvatn
- 29.-1. Framhalds Gilwell | Úlfljótsvatn

JÚNÍ

- 2. Námskeið fyrir skólastjóra Útilífsskóla | Skátamiðstöðin
- 2.-4. Námskeið fyrir vinnuskólaliða Útilífsskóla | Skátamiðstöðin
- 3.-4. Námskeið fyrir leiðbeinendur Útilífsskóla | Skátamiðstöðin
- 3. Verndum þau | ÆV | Skátamiðstöðin
- 5. Öryggisnámskeið í klifri | Öskjuhlíð
- 9. Öryggisnámskeið á bátum | SSR | Hafravatn
- 13.-15. Drekaskátamót | Úlfljótsvatn
- 19. Ds. Ramus, sumarstarf fyrir dróttskáta | Höfuðborgarsvæðið
- 21. Líf í lundi | Skógarskátar | Skógrættarfélag skáta við Úlfljótsvatn

JÚLÍ

- 2.-6. Dróttskátamót | Viðey
- 14.-20. Rekka- og Röverskátamót | Vatnaleiðin, Hallkellsstaðahlíð og Búðardalur
- 19.-23. Evrópuþing WAGGGS og WOSM | Austurríki
- 26.-3. World Scout MOOT | Portúgal
- 31. Frumsýning hughrifaherferðarinnar | Skátamiðstöðin

ÁGÚST

- 7.-10. Fálkaskátamót | Þingvellir og Úlfljótsvatn
- 9. Gleðigangan á Hinsegin dögum | Miðbær Reykjavíkur
- 26. Kveikja fyrir skátaforingja | Skátamiðstöðin
- 27. Kveikja fyrir stjórnir | Skátamiðstöðin

SEPTEMBER

- 5.-7. Tré og tjútt | Esjuhlíðar
- 12. Foringjanámskeið | Lækjabotnar
- 19.-21. Vinnuhelgi fyrir Landsmót | Hamrar
- 24. Verndum þau | ÆV | Skátamiðstöðin
- 27. Crean undirbúningsútilega | Hafravatn

OKTÓBER

- 1. Forvarnardagurinn | Á netinu
- 11. Skyndihjálparnámskeið | Skátamiðstöðin | Aflyst
- 12. Forsetamerkisráðgjöf | Skátamiðstöðin
- 17.-19. JOTA/JOTI | Á netinu
- 17.-19. Dróttkraftur | Skátafell í Skorradal
- 17.-19. Ung i Norden | Úlfljótsvatn
- 24.-26. Crean undirbúningsútilega | Skorradalur

NÓVEMBER

- 2. Afmæli skátastarfs á Íslandi
- 2. Forsetamerkisafhending | Bessastaðir
- 2. 60 ára afmæli forsetamerkisins | Jötunheimar
- 7.-9. Go Global | Svíþjóð
- 7.-9. Gilwell 2. hluti | Úlfljótsvatn
- 13.-18. Academy | Grikkland
- 15. Félagsforingjafundur | Skátaheimili Kópa
- 23. Sjálfbóðaliðanámskeið 1. hluti | Skátaheimili Mosverja

DESEMBER

- 1. Samskipti og siðareglur | ÆV | Netnámskeið
- 14. Jólaljósaslóðinn | Úlfljótsvatn

FRÆÐSLUVIÐBURÐIR

Neisti (12.-14. janúar)

Neisti er námskeið fyrir skáta 16 ára og eldri til að efla fjölbreytta færni í skátastarfi. Dagskráin miðar að því að dýpka þekkingu og færni á ýmsum sviðum skátastarfs og efla sjálfbóðaliða í sínum hlutverkum. Leiðbeinendur koma víðsvegar að úr íslensku samfélagi, sumir skátar og aðrir ekki. Þátttakendur fá að velja dagskrá eftir eigin áhugasviði eða þörfum en þannig er Neisti frábært tækifæri til persónulegra framfara fyrir alla skáta óháð aldri, hlutverki og fyrir reynslu.

Þátttakendur: 60

Skyndihjálparnámskeið - 12 tímar (17. maí)

Aðkeypt námskeið með reyndum kennara hjá Skyndihjálparskólanum. Að námskeiðinu loknu fá þátttakendur skyndihjálparskírteini sem þarf að endurnýja á 2 ára fresti.

Þátttakendur: 14

Gilwell (28. maí - 1. júní)

Gilwell er tilvalið fyrir skáta, 20 ára og eldri, að upplifa 10 daga skátævintýri sem inniheldur leiðtogaþjálfun og uppbyggingu einstaklingsins.

Á Gilwell fá þátttakendur að efla og öðlast nýja færni í ólíkum hlutverkum innan skátahreyingarinnar sem mun einnig koma að góðum notum í þeirra daglega lífi.

Á fyrsta þrepi er athyglinni beint að skátanum sjálfum og unnið með sjálfsefningu, framkomu og gildum einstaklings í og utan skátastarfs

Á öðru þrepi er flokkastarf í forgrunni. Á þessu skrefi munu flokkarnir reisa tjaldbúð sem þeir búa og starfa í með sínum flokki og glíma við ögrandi verkefni sem miða að því að efla hópinn og auka færni í útivist og tjaldbúðalífi.

Á þriðja þrepi vinnum við með leiðtogafræðin og hæfni hvers og eins.

Þátttakendur: 10

Framhalds gilwell (29. maí - 1. júní)

Markmið námskeiðsins er að gefa Gilwell skátum tækifæri til að efla sig í stjórnun og þjálfun í verkefnum á stærri skala, stefnumótun og innleiðingu breytinga svo fátt eitt sé nefnt. Umgjörð námskeiðsins er í samræmi við Gilwell hefðina, í gegnum flokkastarf, tjaldbúðalíf og samvinnu með áherslu á jákvæð samskipti og gildi í leiðtogahlutverkinu.

Námskeiðið fer fram í þrem hlutum, í maí 2025, febrúar og október 2026 en auk þess verður unnið að stóru verkefni sem reynir á leiðtoga-hæfileika, færni í stjórnun og framkvæmd stærri viðburða, verkefna eða innleiðinga í verklagi.

Þátttakendur: 16

Námskeið fyrir starfsfólk útilífsskóla skáta (júní)

Námskeið fyrir allt starfsfólk í Útilífsskóla skáta, stjórnendur, aðstoðarstjórnendur og vinnuskólaliða. Námskeiðunum er skipt upp eftir hlutverkum starfsfólks.

Á námskeiðunum fyrir stjórnendur og aðstoðarstjórnendur er farið ofan í starfshætti, starfsreglur, góða siði og venjur, algenga dagskrá, öryggisreglur, hvernig skuli ferðast með hóp barna, hvernig skuli stýra ungmennum í vinnu, upplýsingamiðlun til foreldra, viðbrögð við óæskilegum uppakomum, eðlileg samskipti við börn og starfsfólk og fleira. Að auki stendur félögum til boða að senda starfsfólk á öryggisnámskeið í klifri ef þörf er á.

Námskeið fyrir vinnuskólaliða eru 3 kvöld þar sem þau læra skyndihjálpar, fara á Verndum þau námskeið og fræðast um vinnureglur Útilífsskólans og þeirra hlutverk í starfi. Einnig fá þau fræðslu um hvaða rétt þau hafa í starfi hvað varðar hlé, öryggi og vinnutíma og hvað teljist óeðlileg samskipti við börn og yfirmenn.

Þátttakendur:

Vinnuskólaliðanámskeið | 2.-4. júní | 38

Aðstoðarstjórnendanámskeið | 2.-4. júní | 46

Stjórnendanámskeið | 2. júní | 10

Verndum þau | 3. júní | 42

Öryggisnámskeið í klifri | 5. júní | 8

Öryggisnámskeið á bátum | 9. júní | 10

Kveikja

Námskeið fyrir starfandi sjálfbóðaliða skátafélaga þar sem tilgangurinn er að vera þeim hvatning í upphafi starfsárs. Á námskeiðinu er boðið upp á hnitmiðaða fræðslu um stuðnings-efni og viðburði sem standa félögunum til boða frá BÍS ásamt umræðuhópum um ólík málefni. Kveikju er skipt upp í 2 hópa eftir hlutverkum sjálfbóðaliða, eitt kvöld fyrir skátafóringja og annað fyrir stjórnarmeðlimi.

Þátttakendur:

Fyrir stjórnarmeðlimi | 26. ágúst | 6

Fyrir skátafóringja | 27. ágúst | 18

Fóringjanámskeið (12.-14. sept)

Námskeið ætlað starfandi fóringjum, bæði aðstoðar- og sveitarfóringjum, 16 ára og eldri. Á námskeiðinu er farið yfir skyldur þeirra og ábyrgð, skátaaðferðina, starfsgrunn skátanna, hvert er hægt að leita fyrir stuðningsefni, öryggi í ferðum, frávík í hegðun, leiki og leikjafræði og lýðræði í skátastarfi. Æskilegt er að öll sem sinna fóringjahlutverki sækji námskeiðið fyrsta veturinn þeirra.

Þátttakendur: 25

DróttKraftur (17.-19. nóv)

DróttKraftur er hluti af leiðtogaþjálfun Skátaskólans og er fyrir alla dróttskáta á landinu. Á DróttKrafti er áhersla lögð á að veita dróttskátum tækifæri á því að taka þátt í spennandi dagskrá, kynna öðrum dróttskátum á landinu og efla leiðtogafærni þeirra.

Þátttakendur: 30

DAGSKRÁRVIÐBURÐIR

Drekaskátadagurinn (5. mars)

Skátafélagið Ægisbúar buðu drekaskátum Íslands í sína heimabyggð í Vesturbæ Reykjavíkur í ár en skátar úr 10 mismunandi skátafélögum tóku þátt. Þema dagsins var sjóræningjaþema og þutu drekaskátarnir um Vesturbæinn í stórum ratleik og skemmtu sér konunglega þrátt fyrir grenjandi rigningu og endaði dagurinn á heitu kakói og kexi.

Þátttakendur: 130

Fálkaskátadagurinn (22. nóvember)

Skátafélagið Hraunbúar voru gestgjafar dagsins í ár og buðu þau fálkaskátum Íslands í flokka-keppni við Hvaleyrarvatn. Flokkarnir söfnuðu sér inn stigum á póstum hringinn í kringum Hvaleyrarvatn en þar skipti samvinna lykilmáli við að leysa allskonar þrautir t.d. þurftu þau að leysa skátadulmál, súrra þrifót, leiða hvort annað í gegnum blindrabraut, gera sjúkrabörur úr eigin búnaði, rugla í hefðbundnum skátasöngvum og loka þrautin var að kveikja varðeld til að brenna band með takmörkuðum eldivið. Fálkaskátaflokkur Árbúa bar sigur úr bitum og eru Fálkakempur 2025. Að lokum var sungið nokkra skátasöngva, drukkið kakó og borðað kex í Skátalundi.

Þátttakendur: 182

ALDURSBILAMÓT

Drekaskátamót

Drekaskátamót fór fram á Úlfjótuvatni helgina 13.-15. júní en þangað sóttu hátt í 200 drekaskátar úr 12 skátafélögum. Helgin var svo sannarlega ævintýraleg þar sem þema mótsins í ár var geimveruþema.

Skátarnir reistu glæstar tjaldbúðir í góðu veðri sem síðan einkenndi alla helgina og landsmót drekaskáta var sett með miklum látum þegar Goggi geimvera brotlenti geimfluginni sinni. Skátarnir komu sér saman um að hjálpa Gogga aftur heim til plánetunnar sinnar Zurka.

Á laugardeginum unnu skátarnir hörðum höndum við að safna stjörnuorku til þess að knýja geimskipið hans Gogga áfram. Til dæmis var klifrað í klifurturninum, buslað í vatnasafaríinu, farið í bogfimi og málað steina til þess að skreyta nýju fallegu gönguleiðina. Haldin var kvöldvaka sem endaði á næturleik þar sem skátarnir héldu áfram að hjálpa Gogga geimveru að komast heim.

Vert er að minnast á að í ár var mótsstjórnarskipti og voru því tvær mótstjórnir að stýra mótinu. Mótsstjórn síðustu ára fékk til liðs við sig nýjan hóp skáta sem var með þeim í skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd og mun hún nú taka við keflinu og halda áfram og stýra næsta drekaskátamóti.

Fráfarandi mótsstjórn:

Arney Sif Ólafsdóttir | Skjöldungar

Dagur Sverrisson | Ægisbúar

Davíð Þrastarson | Garðbúar

Reynir Tómas Reynisson | Garðbúar

Valur Kári Óskarsson | Skjöldungar

Mótsstjórn næstu tvö árin:

Birta Dís Gunnarsdóttir | Svanir

Dagur Sverrisson | Ægisbúar

Eva Rut Tryggvadóttir | Kópar

Freyja Björgvinsdóttir | Svanir

Júlía Dögg Kristjánsbur | Svanir

Viktor Nói Bergs | Svanir



Fálkaskátamót

Fálkaskátamót fór fram á Þingvöllum og Úlfjótuvatni dagana 7.-10. ágúst. Á mótinu voru 177 þátttakendur frá 12 skátafélögum, 45 foringjar, 22 sjálfbóðaliðar og 10 í mótstjórn.

180 fálkaskátar af öllu landinu mættu á Þingvelli þar sem framundan beið stútfull dagskrá og fjör að vikingasið. Þátttakendurnir voru fljótt fluttir 800 ár aftur í tímann til að hjálpa Snorra Sturlusyni og fleiri höfðingjum að afstýra Ragnarökum sem voru yfirvofandi.

Sú spá rættist heldur betur þegar þátttakendur vöknudu morgunin eftir við fjúkandi tjöld, sem varð til þess að mótið var fært yfir á Úlfjótuvatn. Færsla mótsins gekk vonum frammar, þar sem samtakamáttur skátahreyfingarinnar skein í gegn. Skátar mættu úr öllu áttum til að hjálpa til og stutta seinna var risin ný tjaldbúð á Úlfjótuvatni. Skátarnir létu ekki flutningana slá sig út af laginu og nýttu sér þá frábæru dagskrámöguleika sem Úlfjótuvatn hefur upp á að bjóða; að klifra í klifurturninum, sigla á bátum, fönndra, heimsækja Skátasafnið og fara á ótal kvöldvökur svo eittvað sé nefnt. Hápunkturinn var þó gleðigangan og diskóblótið,

hinsegin partý mótsins. Skátarnir fagna jú alltaf fjölbreytileikanum, þó þeir skipuleggi óvart skátamót á hinsegindögum. Eftir að hafa séð samtakamátt, vinsemd og bræðralagið milli ættana á mótinu ákváðu höfðingjarnir að koma á friði, sem reyndist vera það sem þurfti til að koma í veg fyrir Ragnarök. Að lokum gátu skátarnir því snúið aftur til síns tíma. Því má segja að þrátt fyrir erfiðar aðstæður gekk mótið vonum frammar, þökk sé mikilli samvinnu og ómetanlegri aðstoð foringja og sjálfbóðaliða mótsins. Allir fálkaskátarnir komu heim með bros á vör, reynslunni ríkari.

Mótið reyndi á þrautseigju, viðbragð og aðlögunarhæfni mótstjórnar og stóðu þau sig með mesta þriði.

Mótstjórn fálkaskátamóts:

Bengta Kristín Methúsalemsdóttir | Mosverjar
Þórunn Ýr Guðgeirsdóttir | Fossbúar
Pjetur Már Hjaltason | Ægisbúar
Salka Guðmundsdóttir | Mosverjar
Sædís Erla Erlendsdóttir | Mosverjar
Thelma Karen Bjarnfinnsd. Kvaran | Fossbúar

Dróttskátamót

Dróttskátamót var haldið í Viðey og gekk framkvæmd mótsins mjög vel. Þetta var í fyrsta skipti síðan 2018 að það var haldið skátamót í Viðey og var mikil ánægja með endurvakningu mótsins. Á mótinu voru 86 þátttakendur frá 10 skátafélögum, 20 foringjar, 9 sjálfbóðaliðar og 6 í mótstjórn.

Mótið lagði mikla áherslu á sjálfstæði þátttakenda og áttu þau að sjá um matseld og uppsetningu tjaldbúðar í sínum flokkum. Foringjar höfðu orð á því að þessi áhersla sé mikilvæg fyrir aldursbilið og gott fyrir dróttskátana að fá tækifæri til að efla sjálfstæði sitt. Auk þess var boðið upp á skemmtilega og metnaðarfulla dagskrá þar sem hið fræga bryggjuball var að sjálfsögðu hápunkturinn.

Mótstjórn dróttskátamóts:

Anna Eir Guðfinnudóttir | Landnemar
Helgi Þórir Sigurðarsson | Vífill
Högni Gylfason | Kópar
Jón Grétar Sigurjónsson | Landnemar
Laura Elyse LaBillois | Skjöldungar
Sigurgeir B. Þórisson | Landnemar



Rekka- og Róverskátamót

Rekka og Róverskátamót fór fram á Snæfellsnesi dagana 14.-20. júlí. Mótið var tvískipt, gengið var Vatnaleiðina frá Bifröst að Hlíðarvatni þar sem við tók næsti hluti, tjaldbúð við Hallkelsstaðahlíð.

21 skátar frá 5 skátafélögum gengu leiðina og í tjaldbúðahlutanum voru 32 skátar frá 11 skátafélögum. 7 sjálfbóðaliðar aðstoðuðu ýmist í göngunni eða í tjaldbúðahlutanum og voru 7 í mótsstjórn.

Gangan gekk vel fyrir sig en þau gengu um fjölbreytt landslag, allt frá skóglendi með óvenju háum trjám, grýtt fjöll, mosagræna hóla, grasbrekkur, mýrlendi, sanda, læki og ár. Gönguhópurinn fékk einnig allskonar veður eins og sólskin, heitt hitastig, skýjað, vindur, þoka og rigning. Gangan var u.þ.b. 50 km. löng en einn gönguhópur ákvað á leiðinni að ganga upp á OK. Þegar komið var á Hlíðarvatn tók tjaldbúðahluti mótsins við.

Skátarnir gistu eina nótt í tjaldbúðinni við Hallkelsstaðahlíð en svo ákveðið að færa mótið vegna gosmengunar frá Reykjanesi sem lá yfir tjaldsvæðið. Ákveðið var að færa mótið

í Búðardal og hjálpuðust allir þátttakendurnir við að pakka saman sínum tjöldum og búnaði mótsins og færa allt og alla yfir í Búðardal á met tíma. Skátafélagið Stígandi aðstoðaði mótið að fá aðstöðu í Auðarskóla í Dalabyggð. Dagskráin breyttist í kjölfarið og þrátt fyrir vonbrigði að geta ekki verið í ævintýra útimennsku eins og lagt var upp með þá voru þátttakendur ótrúlega jákvæðir í að gera það besta úr aðstæðum og var skipulagt alveg nýtt mót á svipstundu. Farið var í sund á Laugum í Sælingsdal, ísleidangur á bóndabæinn Erpsstaði og haldin lengsta kvöldvaka ársins þar sem enginn var tilbúinn að hætta að syngja.

Mótsstjórn Rekka- og róverskátamóts:

Erika Eik Bjarkadóttir | Hamar

Katrín Kemp Stefánsdóttir | Kópar

Lilja Benediktsdóttir | Garðbúar

Rafnar Friðriksson | Skjöldungar

Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir | Garðbúar

Signý Kristín Sigurjónsdóttir | Skjöldungar

Védís Helgadóttir | Landnemar

Mynd frá mótsstjórn Rekka- og Róverskátamóts

UNDIRBÚNINGUR FYRIR STÓRMÓT

Alheimsmót skáta 2027

Á Skátapingi 2025 voru fararstjórnir kynntar og hófst undirbúningur fyrir Alheimsmót skáta í Póllandi 2027 formlega. Auglýst var eftir umsóknum í fararteymið ásamt sveitarforingjum og sjálfbóðaliðum (IST) um sumarið og svo um haustið var opnað fyrir umsóknir þátttakenda. Fararteymið hélt kynningar í skátafélögum auk þess að halda opna kynningarfundir á netinu, í skátaheimilum og á BÍS viðburðum.

Fararstjórnir:

Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir | Mosverjar

Dagmar Ýr Ólafsdóttir | Skjöldungar

Landsmót skáta 2026

Undirbúningur Landsmóts skáta 2026 fór á fullt skrið árið 2025 og miðar vel. Mótið verður haldið dagana 20.-26. júlí í Útilífsmiðstöð skáta á Hömrum, Akureyri. Mótsstjórn er fullmönnuð og undirteymi hennar tekin til starfa. Þema mótsins er Á norðurlóð þar sem markmiðið er að kynnast töfrandi heimi Hamra og nágrennis. Skráning fór vel af stað og stefnir í fjölmennt mót þar sem bæði íslenskir og erlendir þátttakendur fá að njóta sín.

Mótsstjóri

Ingibjörg Guðmundsdóttir | Vífill/Klakkur

Aðstoðarmótsstjóri

María Dýrfjörð | Klakkur

Kynningamálastjóri

Védís Helgadóttir | Landnemar

Dagskrárstjóri

Jóhann Malmquist | Klakkur

Tæknistjóri

Anna Kristjana Helgadóttir | Klakkur





Skátastarf **AÐILD AÐ BÍS**

Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

Aðild A: Skátafélög með starf fyrir félagi á aldrinum 7-25 ára.

Aðild B: Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félagi sem flestir eru eldri en 23 ára.

Aðild C: Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS

Aðild D: Skátar með beina aðild að BÍS

Félagsaðild	A	B	C	D
Þjónusta BÍS	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Þátttökuréttur á viðburðum	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Atkvæði á skátaþingi	4	1	0	0
Félagsgjald til BÍS	Já	Já	Nei	Já

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast grunngildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

Eftirtalin félög voru með aðild A að BÍS á árinu

- Skátafélag Akraness, Akranesi
- Skátafélagið Árbúar, Árbæjarhverfi í Reykjavík
- Skátafélag Borgarness, Borgarnesi*
- Skátafélagið Eilífsbúar, Sauðárkróki
- Skátafélagið Einherjar-Valkyrjan, Ísafirði*
- Skátafélagið Farfuglar, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði
- Skátafélagið Faxi, Vestmannaeyjum*
- Skátafélagið Fossbúar, Selfossi
- Skátafélagið Garðbúar, Fossvogs- og Bústaðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Hafernir, Fella- og Hólshverfi í Reykjavík*
- Skátafélagið Heiðabúar, Reykjanesbæ
- Skátafélagið Hraunbúar, Hafnarfirði
- Skátafélagið Klakkur, Akureyri
- Skátafélagið Kópar, Kópavogi
- Skátafélagið Landnemar, Austurbæ og Hlíðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Mosverjar, Mosfellsbæ
- Skátafélagið Segull, Selja-, Bakka- og Stekkjahverfunum í Rvk*
- Skátafélagið Skjöldungar, Heima- og Vogahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Stígandi, Dalabyggð
- Skátafélagið Strókur, Hveragerði
- Skátafélagið Svanir, Álftanesi
- Skátafélagið Vífill, Garðabæ
- Skátafélagið Vogabúar, Grafarvogshverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Ægisbúar, Vesturbæ í Reykjavík
- Skátafélagið Örninn, Grundarfirði

* Voru ekki með virkt skátastarf á árinu.

Eftirtalin skátafélög voru með aðild B að BÍS á árinu

- Skátafélag Sólheima, Sólheimum, Grímsnesi
- Skátafélagið Radíóskátar, Garðabæ

Eftirtalin félög voru með aðild C að BÍS á árinu

- Landsgildi St. Georgsgildanna
- Skátakórinn
- Skíðasamband skáta
- Skátasambönd

Samkvæmt lögum BÍS er skátafélögum heimilt að stofna með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur skátafélaga á tilteknum svæðum og setja sér eigin starfsreglur.

Eftirfarandi skátasambönd eru starfandi:

- Skátasamband Reykjavíkur (SSR), formaður SSR er Óskar Eiríksson


FJÖLDATÖLUR

Fjöldi skráninga (A aðild)


Starfsvetur	2024-2025	2025-2026	Fjölgun
Fjölskyldu- og hrefnuskátar	68	62	-6
Drekaskátar	405	463	58
Fálkaskátar	513	485	-28
Dróttskátar	291	300	9
Rekkaskátar	122	103	-19
Róverskátar	201	214	13
Alls á þátttökualdri	1600	1627	27
Eldri skátar	258	266	8
Alls skátar skráðir í félög	1858	1893	35

Dreifing skráninga eftir aldursbilum

Aldursbil	Hlutfall
Fjölskyldu- og hrefnuskátar	3,3 %
Drekaskátar	24,5 %
Fálkaskátar	25,6 %
Dróttskátar	15,8 %
Rekkaskátar	5,4 %
Róverskátar	11,3 %
Eldri skátar	14,1 %



Fjöldi skráninga 2022-2026



AFREKS-OG HEIÐURSMERKI

Samkvæmt reglugerð eru eftirtalin **heiðursmerki** í notkun hjá BÍŚ: *Silfurúlfurinn*, *Skátakveðjan* úr gulli, silfri og bronzi, *Pórshamarinn* úr gulli, silfri og bronzi og auk þess *merki BÍŚ* úr gulli, silfri og bronzi.

Eftirtalin **hetjudáðamerki** eru í notkun hjá BÍŚ: *Gullkrossinn*, *Silfurkrossinn* og *Bronskrossinn*.

Eftirtalin **þjónustumerki** eru í notkun hjá BÍŚ: *Gyllta liljan* og *smárinn* og *Silfraða liljan* og *smárinn*.

Eru merki þessi veitt skátum sem hafa unnið ötult starf fyrir skátahreyfinguna í einhverri mynd. Heiðursmerkin eru ýmist veitt á aðalfundum, kvöldvökum, hátíðsdögum og á skátapingi.

Pórshamar úr bronzi

Aníta Ósk Sæmundsdóttir

Bjarni Freyr Þórðarson

Haukur Friðriksson

Skátakveðja úr bronzi

Claus Hermann

Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir

Skátakveðja úr silfri

Þórey Valgeirsdóttir

Skátakveðja úr gulli

Guðni Gíslason

Bronskrossinn

Anna Kristjana Öfjörð Helgadóttir

Matthildur Guðrún Hlín Leósdóttir

Silfurkrossinn

Jón Andri Helgason

Þjónustumerki BÍŚ úr silfri

Anna Eir Guðfinnudóttir

Bengta Kristín Methúsalemsdóttir

Birta Dís Gunnarsdóttir

Erika Eik Bjarkardóttir

Eva Rut Tryggvadóttir

Freyja Björgvinsdóttir

Helgi Þórir Sigurðsson

Högni Gylfason

Jón Grétar Sigurjónsson

Júlía Dögg Kristjánsbur

Laura Elysa LaBillois

Lilja Benediktsdóttir

Pjetur Már Hjaltason

Signý Kristín Sigurjónsdóttir

Sædís Erla Erlendsdóttir

Thelma Karen Bjarnfinnsdóttir Kvaran

Védís Helgadóttir

Viktor Nói Bergs

Þórunn Ýr Guðgeirsdóttir

Þórir Snær Sigurðsson

Þjónustumerki BÍŚ úr gulli

Alex Már Gunnarsson

Dagur Sverrisson

Davíð Þrastarson

Haldóra Hinriksdóttir

Rafnar Friðriksson

Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir

Reynir Tómas Reynisson

Sigurður Viktor Úlfarsson

Valdís Huld Jónsdóttir

Valur Kári Óskarsson

Þóra Lóa Pálsdóttir



FORSETAMERKIÐ Í 60 ÁR

Árið var stórt fyrir forsetamerkið sem var mjög viðeigandi á 60 ára afmæli merkisins. Alls fengu 42 skátar merkið afhent á árinu í þremur athöfnum, einni í mars og tveimur á afmælisdegi skátastarfs á Íslandi, 2. nóvember.

Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, veitti í fyrsta sinn 16 skátum forsetamerkið við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Vegna uppgrafar í kirkjunni var athöfninni sem halda átti í október árinu áður frestað til 29. mars 2025. Forsetamerkishafarnir Alma Sól Pétursdóttir úr Ægisbúum og Viktor Nói Bergs úr Svönum fluttu ávarp.

Þann 2. nóvember fór afhending fram samkvæmt starfsáætlun BÍS. Hópurinn sem fékk forsetamerkið afhent þá var fjölmennur eða 26 skátar og því voru haldnar tvær athafnir. Þetta er fjölmennasti hópur sem hlýtur forsetamerkið síðan árið 2016. Forsetamerkishafarnir Fríða Björg Tómasdóttir úr Klakki og Kristófer Njálsson úr Mosverjum fluttu ávarp.

Árið 2025 var 60 ára afmæli forsetamerkisins og síðan merkið var fyrst veitt árið 1965 hafa 1488 skátar verið sæmdir því. Eftir athafnir þann 2. nóvember var afmæli merkisins fagnað í Jötunheimum, skátaheimili Vífils en þar komu saman kynslóðir forsetamerkishafa ásamt öðrum góðum skátum. Elín Richards, forsetamerkishafi 36, ávarpaði gesti veislunnar sem og Jóhanna Björg, forsetamerkishafi 1083 fyrir hönd starfsráðs. Þá fóru Fríða og Kristófer aftur með hugvekjuna sína frá því fyrr um daginn og skátahöfðingi og forsetamerkishafi númer 1000, Harpa Ósk bauð gesti velkomna.

Forsetamerkishafar 29. mars

Jón Björn Richardsson Yeo | Árbúar
Brynjar Ingi Ágústsson | Garðbúar
Daníel Eiríksson | Garðbúar
Tinna María Antonsdóttir | Garðbúar
Brynhildur Þorbjörg Þórhallsdóttir | Hraunbúar
Guðni Hannesson | Hraunbúar
Gunnsteinn Hjalti Jónsson | Hraunbúar
Kjartan Ingólfsson | Hraunbúar
Sara Elísabet Jónsdóttir | Hraunbúar
Arnar Freyr Hallgrímsson | Vífill
Jóhann Thomasson Viderö | Vífill
Birta Dís Gunnarsdóttir | Svanir
Viktor Nói Bergs | Svanir
Alma Sól Pétursdóttir | Ægisbúar
Hildur Þórey Sigurbjörnsdóttir | Ægisbúar
Högni Gylfason | Snúður / Kópar

Forsetamerkishafar 2. nóvember

Daníel Þróstur Pálsson | Árbúar
María Fönn Frostadóttir | Faxi
Vigdís Jóna Árnadóttir | Fossbúar
Dagný Lind Pálsdóttir | Hraunbúar
Inga Dís Guðjónsdóttir | Hraunbúar
Logi Friðriksson | Hraunbúar
Anton Bjarni Bjarkason | Klakkur
Anton Dagur Björgvinsson | Klakkur
Ásbjörn Garðar Yngvason | Klakkur
Birkir Kári Gíslason | Klakkur
Birkir Kári Helgason | Klakkur
Fríða Björg Tómasdóttir | Klakkur
Hörður Andri Baldursson | Klakkur
Snædís Hanna Jensdóttir | Klakkur
Eva Rut Tryggvadóttir | Kópar
Silja Líf Eiðsdóttir | Kópar
Eberg Óttarr Elefsen | Mosverjar
Kristófer Njálsson | Mosverjar
Pétur Jón Árnason | Mosverjar
Unnur Elísa Sigurgísladóttir | Mosverjar
Elí Hrönn Hákonar | Vífill
Helgi Þórir Sigurðsson | Vífill
Ingvar Jarl Eineborg | Vífill
Aðalsteinn Ingi | Ægisbúar
Andri Rafn Ævarsson | Ægisbúar
Berglind Anna Magnúsdóttir | Ægisbúar



Sjálfstæð starfsemi

GILWELL SKÁLINN

Gilwell skálinn á Úlfjótuvatni var reistur 1942 og var fyrsta húsið sem skátar byggðu á staðnum. Skálinn þjónaði í upphafi sem félagsmiðstöð og mótuneyti fyrir sumarbúðastarf skáta á Úlfjótuvatni. Á árum áður gjörbreytti húsið aðbúnaði skáta á staðnum sem eingöngu höfðu dvalið í tjöldum fram að því. Eftir því sem starfsemi skáta á Úlfjótuvatni jókst og þróaðist, hafa aðrar byggingar bæst við og tekið við upphaflegum markmiðum. Fyrsta íslenska Gilwellnámskeiðið var haldið í húsinu árið 1959 og jafnan árlega eftir það.

Fyrir allnokkrum árum var farið í verulegar endurbætur og viðgerðir á húsinu og húsmunum og var mikill metnaður lagður í að viðhalda minjum og anda hússins. Sú vinna var unnin í sjálfböðastarfi og er lokið nú, en áfram er unnin með sama hætti margvísleg viðhaldsvinna við húsið. Auk Gilwell námskeiðanna eru í dag haldnir ýmiskonar viðburðir í húsinu, námskeið, kvöldvökur o.fl.

Hiklaust má segja að í húsinu eigi íslenska skátahreyfingin merka og einstaka menningar-eign sem sómi er að vernda. Hefur húsið og ástand þess vakið mikla athygli hér heima sem og erlendis. Gilwellskálinn er eign Bandalags íslenskra skáta (ÚSÚ) en sérstök hússtjórn fer með umsjón hans.

Hússtjórn Gilwell skálans:

Haukur Haraldsson og Víking Eiríksson

ENDURFUNDIR SKÁTA

Endurfundir skáta er opinn, sjálfsprottinn vettvangur eldri skáta á suðvesturho rni landsins. Endurfundir skáta eru haldnir í þeim tilgangi að viðhalda sambandi skátanna hvert við annað og við skátahreyfinguna. Endurfundir skáta eru haldnir í Skátamiðstöðinni í hádeginu, mánaðarlega yfir vetrartímann og er boðið upp á léttan mat, góðar samverustundir og jafnvel nokkra skátasöngva. Létt er yfir hópnum við almenna samveru, styttri ferðir og heimsóknir á skátamót, ef svo ber undir. - Mikið stuð.

Starf Endurfunda skáta er skipulagt af sérstökum samstarfshópi, Bakhópnum.

Meðlimir Bakhópsins:

Arndís Jónsdóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Björg Sigmundsdóttir, Guðrún Nikulásdóttir, Gunnar E. Hafberg, Haukur Haraldsson, Ingibjörg Marteinsdóttir, Jóhanna Þorleifsdóttir, Matthías Pétursson og Svanur Ingvason

SKÁTASAFNIÐ

Í óbrunnu eldsneyti bíður framtíðin

Bálbæn Ingólfs Ármannssonar hefur verið einkunnarorð starfsemi Skátasafnsins á liðnu starfsári:

Í glóð bálsins geymist fortíðin.
Í óbrunnu eldsneyti bíður framtíðin.
Í logum bálsins leiftrar nútíðin,
og hennar skulum við nú njóta.
Skátasystkin, bálið er vígt!
Ingólfur Ármannsson

Eftir umfangsmiklar áskoranir í starfsemi safnsins gafst á þessu ári tóm til að leyfa rykinu að setjast og huga að framsetningu safnkostsins í því húsnæði sem því hefur verið fundið heimili, í KSÚ á Úlfjótuvatni.

Starfsárið 2025 byggir á þeim þrekvirkjum sem unnin voru á árinu 2024 og því getum við þeirra stuttlega hér. Þá var allur safnkostur fluttur í íþróttahúsið í Álftamýrarskóla þar sem sjálfböðaliðar á vegum safnsins eyddu sólríkum sumardögum innandyra við flokkun og grisjun safnmuna. Á sama tíma unnu öflugir vinnuflokkar við endurbætur á húsnæðinu í KSÚ. Þúsundir klukkustunda í sjálfböðinni vinnu voru inntar af hendi sem gerðu safninu kleyft að takast á gestagang sumarsins 2024, þ.m.t. Landsmót skáta og verkefni komandi árs.

Árið 2025 einkenndist því að safnkosturinn sjálfur, sagan og ævintýrið fékk loks að vera í forgrunni og hugað var að uppstillingum og framsetningu og er sú vinna ennþá í ljósum logum. Sjálfböðaliðar gera sér ferðir vikulega til að slípa til, finna gersemar og leggja sitt af mörkum til að kveikja ævintýraneista hjá hverjum þeim sem sækir safnið heim.

Skátasafnið var opið alla laugardaga frá því í apríl til loka september. Þess á milli voru margar opnanir þar sem tekið var á mótí hópnum. Skátasafnið var virkur þátttakandi í viðburðahaldi BÍS á Úlfjótuvatni, þ.m.t. Drekaskátamóti og Fálkaskátamóti og gerði sig gildandi í almennu dagskrárframboði Útilífsmiðstöðvar skáta. Alls heimsóttu Skátasafnið um 1.700 manns á árinu með formlegum hætti. Flestir gesta voru skátar en einnig var talsvert um almenna gesti og gangandi auk gesta tjaldsvæðisins á Úlfjótuvatni.

Skátasafnið á Úlfjótuvatni er starfrækt af félaginu Fræðasetur skáta.

Markmið félagsins eru að:

vera vettvangur fyrir umræðu, fræðslu og starfsemi hvers konar sem snýr að sögu skátastarfs og hlutverk þess og áhrif á íslenskt samfélag í gegnum tíðina.

vera vettvangur fyrir umræðu, fræðslu og starfsemi hvers konar sem snýr að íslensku skátastarfi í alþjóðlegu samhengi.

varðveita sögu skátastarfs á Íslandi með því að safna, flokka, skrá og eftir atvikum að sýna skátamuni og minjar úr íslensku skátastarfi.

reka skátasafn þar sem vettvangur er til að sýna skátamuni og minjar.

Allir skátar geta sótt um að vera félagar í Fræðasetri skáta. Hægt er að sækja um aðild með því að senda tölvupóst á netfangið skatasafn@skatasafn.is.

Á tímabilinu sátu eftirfarandi skátar í stjórn:

Atli B. Bachmann, Ásta Björg Björnsdóttir, Gauti Torfason, Geir Gunnlaugsson, Guðjón Sigmundsson, Guðmundur Pálsson, Ragna Ragnarsdóttir og Þorvaldur Sigmars

Mynd tekin á Landsmóti skáta 2024 - Rita Osorio



ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA Á HÖMRUM

Útilífsmiðstöð skáta á Hömrum, Akureyri tók formlega til starfa sumarið 2000. Uppbygging og rekstur svæðisins er á vegum sérstaks rekstrarfélags, Hamrar útilífsmiðstöð skáta á Akureyri, í eigu skátafélagsins Klakks sem annast uppbyggingu svæðisins í samvinnu við Akureyrarbæ.

Starfsemin að Hömrum er í gangi allt árið þótt meginhluti starfseminnar sé rekstur tjaldsvæðanna á sumrin samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við Akureyrarbæ. Einnig annast félagið daglega umsjón með húsnæði og skálum Skf. Klakks og sér um rekstur dósa-söfnunar fyrir Skátafélagið í samstarfi við Græna skáta.

Á síðasta ári var metfjöldi gesta sem gisti á svæðinu en 81.161 gistinætur voru skráðar á tjaldsvæðinu.

Töluverð vinna var við uppbyggingu og lagfæringar á svæðinu á árinu líkt og undanfarin ár en þó má segja að aukinn kraftur hafi verið settur í uppbyggingu vegna Landsmóts sem verður sumarið 2026 á Hömrum.

Vinir Hamra stóðu fyrir vinnukvöldum einu sinni í viku frá ágúst og fram í október. Endurgerð tjaldflata, stígagerð og lagfæringar á hátíðarsvæðinu eru meðal þess sem unnið hefur verið að, auk þess sem stefnt er að því að koma upp smáhýsum til útleigu fyrir skátahópa og aðra sem kjósa að gista innandyra. Þá hefur verið unnið í því að laga aðkomuna að svæðinu og bæta við tjaldflötun norðan núverandi svæða.



Dótturfélög

GRÆNIR SKÁTAR

Grænir skátar eru ein mikilvægasta tekjustöð BÍS. Mikill vöxtur var í starfsemi Grænna skáta á árinu í öllum megin þáttum starfseminnar. Á árinu var gengið frá styrktar,- og þjónustusamningi við BÍS til að auka fyrirsjáanleika í styrkveitingum og að styrkja rekstrarstöðir BÍS.

Umsvif fyrirtækjaþjónustu Grænna skáta jókst mikið á árinu. Innan þess sviðs falla samstarsamningar við björgunarsveitir, íþróttafélög og önnur samfélagsverkefni, ásamt húsfélögum og þjónustu við einstaklinga. Með tilkomu nýrra gáma, sem koma betur í veg fyrir þjófnað, hefur magn í söfnunargámum aukist mikið milli ára. Gjafaumbúðir gefa Grænum skátum hæst endurgjald og er því stefnt að því að fjölga söfnunargámum árið 2026.

Grænir skátar reka nú fimm bifreiðar sem sækja drykkjarumbúðir með skilagjaldi á suðvesturhorninu eða allt frá suðurnesjum og austur að Geysi. Árið 2025 var tekið upp leiðarbestunarkerfi tengt skynjurum sem eru í söfnunargámum. Með þessu kerfi hefur nýting bifreiða aukist og þannig var hægt að fækka um einn bíl. Grænir skátar eru umboðsaðili REEN á Íslandi sem framleiðir skynjarana.



Samstarf við skátafélagið Klakk á Akureyri gengur vel og eru ellefu söfnunargámar á grenndarstöðvum á Akureyri. Útilífsmiðstöð skáta Hömrum sér um að þjónusta gámana og gengur vel.

Í gegnum Græna skáta fara um 12% af öllum drykkjarumbúðum með skilagjaldi sem falla til á landinu. Framlag okkar til umhverfis- og samfélagsmála skiptir okkur gríðarlegu máli.

Á árinu störfuðu 55 starfsmenn í 22 stöðugildum. Tveir starfsmenn eru á launum hjá Reykjavíkurborg og munar mikið um þann stuðning. Um 40 starfsmenn eru með skerta starfsgetu og er starf hjá Grænum skátum kærkomið tækifæri fyrir þá til að sinna launaðri vinnu og taka þátt á vinnumarkaði. Grænir skátar og Vinnuálastofnun (VMST) eru með samning í tengslum við verkefnið „atvinna með stuðning“ og tekur því VMST þátt í launagreiðslum þeirra starfsmanna sem eru í verkefninu. Að auki eru 12 starfsmenn í tíma-vinnu og sinna helgarvöktum og álagspunktum.

Stjórnendur Grænna skáta 2025:

Ágúst Örn Sigmarsson

Verkefnastjóri flokkunar á Eldshöfða

Jón Ingvar Bragason

Framkvæmdastjóri

Júlíus Aðalsteinsson

Rekstrarstjóri

Rúnar Már Bragason

Verkefnastjóri flöskumóttöku Hraunbæ 123

Sigurður Viktor Úlfarsson

Verkefnastjóri

SKÁTAMÓT

Skátamót heldur utan um undirbúning og framkvæmd viðburða á vegum BÍS. Árið 2025 var fullt af vel heppnuðum aldursbílámótum. Seinni hluti árs 2025 litaðist af skipulagningu Landsmóts skáta sem haldið verður á Hömrum sumarið 2026 og skipulagningu World Scout Jamboree í Póllandi árið 2027.

Starfsmaður skátamóta 2025:

Heiðdís Snorradóttir

Verkefnastýra viðburða

SKÁTABÚÐIN

Skátabúðina er að finna í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123 og hefur rekstur hennar gengið vel. Aðaláhersla og meginmarkmiðið er að auka aðgengi hreyfingarinnar að skátatengdum vörum og almennum útivistarbúnaði á góðu verði. Skátabúðin sér um innkaup fyrir viðburði BÍS, Skátamóta og Úlfljótsvatns þegar við á vegna tenginga og reynslu í innkaupum.

Áhersla er áfram sett á að auka þjónustu við skáta og skátafélög. Áfram verður hægt að forpanta Asivik vörur og er vonast til að það verði nýtt í meiri mæli en hefur verið. Sala Sígræna jólatrésins heldur áfram og búist er við áframhaldandi aukningu í sölu árið 2026.

Skátabúðin tók við rekstri sjoppunnar á Úlfljótsvatni árið 2025 og jók aðgengi viðskiptavina tjaldsvæðisins að vörum með sjálfvirknivæðingu og mun sú vinna halda áfram sumarið 2026 með auknu úrvali.

Starfsfólk Skátabúðarinnar 2025:

Úlfur Kvaran

Sölu- og markaðsfulltrúi



ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA ÚLFLJÓTSVATNI

Starfsemi skáta á Úlfljótuvatni hófst árið 1941 og hefur starfsemin aukist jafnt og þétt síðan þá. Aðstaðan hefur stækkað með ári hverju og má fullyrða að þar sé eitt best útbúna útivistarsvæði á Íslandi. BÍS er rekstraraðili staðarins og er markmið okkar að nota staðinn til að efla skátastarf í landinu og styðja við foringjapjálfun. Staðurinn verður áfram rekinn í svipaðri mynd og hefur verið undanfarin ár.

Sumarið var, eins og önnur ár, annasamt á Úlfljótuvatni. Hið árlega Drekaskátamót í júní gekk með eindæmum vel. Í júlí fór fram alþjóðlega smáhópamótið Camp White Nights og í ágúst fjölgaði skyndilega á tjaldsvæðinu þegar fálkaskátar færðu tjaldbúðir aldursbilamóts síns frá Þingvöllum á Úlfljótuvatn vegna veðurs.

Sumarbúðir skáta Úlfljótuvatni keyrðu níu námskeið og um 220 börn og unglingar fengu góða útivistar- og skátaupplifun. Það er smávægileg fækkun frá síðasta ári.

Á árinu voru erlendir sjálfbóðaliðar 30, starfsmenn á staðnum voru 4 í fullu starfi, 3 í hlutastarfi og í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ 123

sinntu 4 starfsmenn verkefnum fyrir Úlfljótuvatn. Eru þá ótaldir þeir fjölmörgu íslensku sjálfbóðaliðar sem sinntu stórum og litlum verkefnum fyrir staðinn. Auður Úlfljótuvatns liggur ekki síst í þeim hópi, sem þekkir staðinn og sinnir honum af kostgæfni.

Gistinætur ársins voru um 14.600 sem er 4-5% fjölgun frá fyrra ári, ef Landsmót skáta það ár er ekki tekið með. Helstu sóknarfærin fyrir næstu ár liggja annars vegar í skólabúðum og hins vegar í tjaldsvæðinu. Skólabúðir tóku á móti 20 skólum þetta árið, í stað 22 árið áður. Nemendur voru alls 646, en voru 848 árið áður.

Líkt og oft vill verða á tímabilum milli Landsmóta reyndist reksturinn krefjandi. Farið var í nauðsynleg viðhaldsverkefni, þar á meðal endurnýjun snyrtihúsa á tjaldsvæðinu, sem eru umfangsmikil og kostnaðarsöm en jafnframt óumflýjanleg til að tryggja áframhaldandi gæði í starfsemi Úlfljótuvatns.

Aðsókn hópa náði ekki að fullu þeim markmiðum sem sett voru, sem rekja má til ýmissa samverkandi þátta. Sumarið einkenndist af mikilli úrkomu, samkeppni á markaði fyrir sumarbúðir og skólabúðir hefur aukist og ljóst er að enn er tækifæri til að efla vitund erlendra skátahópa um Úlfljótuvatn sem eftirsóknaverðan áfangastað.

Í ljósi þessa er nú horft til sóknar. Mikilvægt er að skátar sameinist um að miðla styrkleikum staðarins og þeirri fjölbreyttu þjónustu sem þar er í boði og þannig stuðli að auknum sýnileika og öflugri nýtingu Útilífsmiðstöðvar skáta á komandi árum.

Fimm starfsmenn Úlfljótsvats og BÍS heimsóttu alheimsskátamiðstöðina í Kandersteg í Sviss (KISC) í maí. Tilgangurinn var að fræðast um rekstur og starfsemi KISC, sem tengist Úlfljótuvatni sterkum böndum í gegnum núverandi og fyrrverandi starfsfólk beggja skátamiðstöðvanna. Farið var yfir allt frá bókunarferli og dagskrármálum yfir í fjármál og starfsmannapjálfun og fengu gestirnir að kíkja rækilega bakvið tjöldin í rekstri KISC, fyrir utan að njóta mikillar gestrisni og velvildar. Áframhaldandi samstarf mun án efa verða báðum miðstöðvum til heilla.

Í október fóru Elín rekstrarstjóri og Sjöfn dagskrárstjóri á ECMC og Goose Network fund í Veróna á Ítalíu. ECMC er ráðstefna stjórnenda evrópskra skátamiðstöðva og Goose Network er óformlegur samstarfsvettvangur skátamiðstöðvanna á milli ráðstefna. Það er mikilvægt fyrir framtíð skátamiðstöðva að skiptast á skoðunum, reynslusögum og ræða sameiginleg mál sem snerta flestar eða allar skátamiðstöðvar.

Eins og títt er með slíka viðburði er tengslamyndunin þó líklega það sem skilar mestu þegar fram í sækir og nýttu Elín og Sjöfn tækifærið til að kynnst sem flestum á ráðstefnunni.

Aðalhlutverk Útilífsmiðstöðvarinnar er enn sem áður að vera samastaður skáta, auk þess að byggja upp og bjóða hágæða útinám fyrir ungt fólk. Það væri ekki hægt nema með stuðningi BÍS og samstarfi skátasamfélagsins.

Starfsfólk ÚSÚ árið 2025:

Ari Björn Össurason
Matráður

Daði Már Gunnarsson
Tengiliður erlendra hópa og dagskrárstarfsmaður

Elín Esther Magnúsdóttir
Rekstrarstjóri

Sjöfn Ingvarsdóttir
Dagskrárstjóri

Úlfur Fríðuson
Umsjónarmaður fasteigna og útisvæða

Á árinu lét **Tero Marin** af störfum. Eru honum færðar miklar þakkir fyrir hans störf.

Ljósmynd: Rita Osorio



Ljósmynd: Daði Már Gunnarsson



Samstarfs- vettvangar BÍS

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast grunngildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

ÆSKULÝÐS- VETTANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samráðs- vettvangur Bandalags íslenskra skáta, Slysavarnarfélagans Landsbjargar, KFUM og KFUK á Íslandi og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ). Tilgangur og markmið félagsins er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildar- félaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar sem og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir. Siðareglur Æskulýðsvettvangsins eru þær siðareglur sem starfsfólk og sjálfbóðaliðar BÍS starfa eftir.

Breytingar urðu á starfsfólki ÆV á árinu en nýr starfsmaður, Kolbrún Ósk Pétursdóttir, tók við starfi verkefnastýru í febrúar. Kollu þekkjum við vel úr skátastarfinu og erum glöð að sjá hana blómstra á öðrum sviðum lífsins.

Ráðgjafahópur Æskulýðsvettvangsins

Hlutverk ráðgjafahópsins er að vera verkefna- stýru ÆV innan handar í verkefnum félagsins. Í ráðgjafahópnum er einn fulltrúi frá hverju aðildarfélagi og situr Katrín Kemp Stefánsdóttir í hópnum fyrir hönd skátanna.

Verkefni Æskulýðsvettvangsins

Verkefni ÆV eru fjölbreytt en snúa að mestu leyti að því að standa fyrir námskeiðum sem miða að því að fræða starfsfólk og sjálfbóðaliða aðildarfélaganna um málefni er lúta að hags- munum þátttakenda í starfi félaganna.

Það er mikilvægt að öll sem starfa með börnum og ungmennum séu meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð og viti hvernig á að bregðast við þegar upp koma atvik eða áföll í starfinu. Einn mikilvægasti liðurinn í því að stuðla að aukinni fræðslu og forvörnum í íþrótt- og æskulýðsstarfi á landinu eru námskeið sem ÆV heldur samkvæmt auglýstri námskeiðadagskrá. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar aðildarfélaganna og önnur áhugasöm geta sótt námskeiðin án endurgjalds.

Lögð var áhersla á að fjölga þátttakendum á námskeiðunum með auknum kynningum en jafnframt að auka aðgengi fyrir þátttakendur utan höfuðborgarsvæðisins. Bæði átaksverkefni tókust vel til, þátttakendafjöldi á námskeiðum hefur aukist um 15%. Undirbúningur hófst við nýtt námskeið sem fjallar um kvíða barna og hlökkum við til fyrsta námskeiðsins sem verður haldið árið 2026.

Námskeið sem haldin voru 2025:

Verndum þau | 24. mars

Hinsegin fræðsla | 28. apríl

Verndum þau | 21. maí | rafrænt

Verndum þau | 24. september

Samskipti og siðareglur | 1. des | rafrænt

Að auki býður ÆV upp á eftirfarandi námskeið:

- Inngilding og fjölmening
- Vinnustofa um inngildingu og fjölmeningu
- Einelti í íþrótt- og æskulýðsstarfi
- Hatursorðræða
- Netnámskeið í barnavernd
- Netnámskeið um samskipti og siðareglur

AÐRAR NEFNDIR OG SAMTÖK

WAGGGS, World Association of Girl Guides and Girl Scouts

Tengiliður: Egle Sipaviciute

WOSM, World Organisation of the Scout Movement

Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir

European Region WAGGGS

Tengiliður: Egle Sipaviciute

European Scout Region

Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir

Samstarfsnefnd Norrænu skátandalaganna

Tengiliðir: Berglind Lilja Björnsdóttir og Egle Sipaviciute

Landsvernd, landgræðslu- og náttúruverndar- samtök Íslands

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsráð

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Norræna æskulýðsnefndin

Tengiliður: Skátamiðstöðin

FOSE, Friends of Scouting in Europe

Tengiliður: Júlíus Aðalsteinsson





**Kærar þakkir fyrir
viðburðaríkt ár**

